

Skólaráðsfundur 18. janúar 2023

Fundinn sátu:

Vildís Björk Bjarkadóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Markús Máni Gröndal, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Mötuneytið.

Farið yfir stöðuna með mötuneytið. Þetta er allt á uppleið og salatbarinn sem var opnaður aftur eftir áramótin, eftir langt hlé, hefur vakið mikla lukku.

A-álman.

Ekki hefur fundist mygla í A- álmunni með hefðbundnum prófunum. Teknar hafa verið saman upplýsingar um veikindafjarvistir nemenda fyrir áramót til að kanna hvort veikindi sé algengari hjá nemendum í A-álmunni en annars staðar í skólanum. Svo virðist ekki vera. Komið er fjármagn í endurbætur á A- álmunni og mögulega nemendahúsgögn í álmuna. Ganga þarf úr skugga um að engu myglu sé að finna í álmunni áður en húsgögn verða endurnýjuð. Í skoðun er að fá verkfræðistofu til að gera úttekt á álmunni.

Starfsmenn hafa einnig fundið fyrir einkennum sem þeir telja mögulega tengjast veru þeirra í A-álmunni.

Gangbrautarljós.

Rætt um umferðarljósinn við skólann. Stilling á ljósunum virðist vera þannig að ef ýtt er á takka fyrir gangbrautarljós kviknar rautt ljós strax, þ.a. fólk á bílum hefur þurft að snögghemla, sem skapar hættu. Spurning hvort hægt sé að stilla ljósinn þannig að það sé einhver biðtími.

Brunavarnir.

Þegar brunakerfið fer í gang, heyrðist ekki í bjöllunni í sumum stofum í A-álmunni og stundum heyrir illa í bjöllunni á þekjunni. Þetta þarf að laga og er málið í höndum tæknideildarinnar.

Skólapúlsinn.

Farið var yfir nýjustu niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins sem eru almennt mjög jákvæðar. Athygli vekur að líðan nemenda í skólanum er vel yfir landsmeðaltali og samband við umsjónarkennara einnig. Hins vegar er ánægja af lestri undir landsmeðaltali.

Árskóladagur.

Rætt um tímasetningu Árskóladags, en Árskóli er 25 ára á þessu ári. og fyrirhugað að halda upp á það með einhverjum hætti fimmtudaginn 11. maí og hafa þá svokallaðan tvöfaldan

dag. Daginn eftir yrði væntanlega íþróttadagur. Í staðinn fyrir tvöfalda Árskóladaginn yrði felld niður kennsla föstudaginn 21. apríl, daginn eftir sumardaginn fyrsta.

Fyrirspurn um grindverkið í rennunni þar sem skólarútan stoppar. Grindverkið þykir tefja fyrir bílum þegar foreldrar eru að hleypa börnum sínum út og passa þarf að bílurðir rekist ekki í grindverkið.

Unnið er að því að endurnýja sófana á þekjunni og setja upp skólahreystibraut við skólann.

Næsti fundur er fyrirhugaður 15. febrúar.